

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Mýrarveg.

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 16. janúar 2013 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir íbúðarsvæðið við Mýrarveg, sem hlotið hefur málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur m.a. í sér að Mýrarvegur breiðkar um 2 metra á hluta og hliðrast lóðamörk og byggingarreitur í Kambsmýri 14 til austurs.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 18. janúar 2013,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2013